

Fréttabréf Garðasels

September 2019



Aðlögun nýrra barna – nemendahópurinn í Garðaseli

Aðlögun nýrra barna er lokið. Í ágúst innrituðust 17 ný börn á Lónið og eitt kom inn á Holtið. Aðlögun yngri barnanna gekk mjög vel en foreldrar taka mikilvægan þátt í henni með lengri viðveru yfir daginn.

Þá kom einn strákur inn í hópinn á Holti.

Við bjóðum alla velkomna til leiks og starfa á nýju skólaári.

28 ára afmæli leikskólans

Sunnudaginn 1. september fagnar Garðasel 28 ára starfsafmæli sínu og í tilefni þessa dags gerum við okkur dagamun föstudaginn 30. ágúst. Það var búningadagur, vinastund á Skála, pizzuveisla í hádeginu og að sjálfsögðu afmælistaka.



Nemendahópurinn í Garðaseli skólaárið 2019-2020 telur 76 börn

18 börn á Lóni (2017-2018)	20 börn á Holti (2016-2017)	19 börn á Vík 1 (2014)	20 börn á Vík 2 (2015)
Ásta deildarstjóri Guðríður leikskólakennari Sonja leikskólakennari Guðbjörg G leiðbeinandi Sólveig Rún leiðbeinandi María Björg leiðbeinandi /	Hafrún deildarstjóri Guðbjörg leikskólakennari Erna leikskólaliði Karen leikskólaliði Lilja Rún háskólum. sálfræði Ragnheiður Dagný leikskólasérkennari Sigurást leiðbeinandi	Lára Dóra deildarstjóri 30 % <u>Heiða deildarstjóri 1.okt</u> Rúna leikskólakennari Freyja Hrönn þroskaþjálfari Breki leysir af frídaga ásamt því að sjá um hreyfingu	Íris Björg árgangastjóri Addú leiðbeinandi Valgerður leiðbeinandi Freyja Hrönn þroskaþjálfari Breki leysir af frídaga ásamt því að sjá um hreyfingu
Afleysing Margrét Ósk 8.00-16.00 Kristín Releena 40 %	Eldhús Lilja Línadal matráður Sigrún Margrét aðst.matráður	Stjórnun Ingunn R skólastjóri Ingunn Sv aðst.skólastjóri og sérkennslustjóri	Annað Í skólanum koma inn í vinnuþrófun starfsmenn frá Virk

Breytingar í starfsmannahaldi

Þrír nýjir starfsmenn hafa komið til starfa í Garðaseli en það eru

- Lilja Línadal Aðalsteinsdóttir er matráður skólans frá og með 6.ágúst
- Valgerður Valgeirsdóttir, leiðbeinandi, verður í 80 % starfi á Vík
- Margrét Ósk Ragnarsdóttir kemur inn í afleysingar 1. Október

Lára Dóra Valdimarsdóttir, leikskólakennari, lætur af störfum 1.október og hefur störf í Grundaskóla.

Helga Björg Þrastardóttir, matráður, lét af störfum á sumarfrí og er komin í nám hjá Galito.

Um leið og við þökkum þeim þeirra góða framlag óskum við þeim alls hins besta í nýjum verkefnum.



Tannvernd og umferðardagar í september

Dagana **9. – 12. september** eru tannverndardagar þar sem lögð er áhersla á heilbrigðar tennur, umhirðu þeirra og hvernig hægt er að verja þær sem best. Heimsóknir á tannlæknastofu til frekari fræðslu hefur verið í boði fyrir 2015- árganginn í samráði við læknastofurnar. Þær heimsóknir verða auglýstar til viðkomandi foreldrahóps með góðum fyrirvara.

Dagana **23. - 25. september** eru umferðardagar með áherslu á mikilvægi endurskinsmerkja, gangbrauta og umferðarljósa.



Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í þessum verkefnum með börnum sínum ☺



Skipulagsdagur

Mánudaginn 30. september er skipulagsdagur og skólinn er lokaður þennan dag.

Á skipulagsdeginum munu deildir skipuleggja starf sitt og síðan verður sameiginlegur vinnufundur allra starfsmanna skólans þar sem unnið verður með áherslur í skólastarfi og hvernig þær birtast á deildum. Þá mun Steinunn Eva Þórðardóttir koma með fræðslu um styrkleika og sjálfsþekkingu og hvernig nýta má þessa þætti sem best í að byggja upp eigin vellíðan.

Heilsuskokkið

Fimmtudaginn 19. september 9.30 er fyrra heilsuskokk skólaársins og þá verður farið á Jaðarsbakkasvæðið / Akraneshöllina og sprett úr spori eins og hver getur og gerðar fjölbreyttar æfingar á stöðvum. Þennan dag er gott að hafa íþróttaskó / góða skó með sér í leikskólann. Í lok skokksins fá allir viðurkenningu með sér heim.



Foreldrafélag og foreldraráð / vantar tvo í foreldraráð og tvo í foreldrafélagið

Skólinn leitar eftir **tveimur foreldrum í foreldraráð** en það hefur umsagnarrétt um meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, skóladagatal og ýmsa þætti er varða starfsemi leikskólans. Fundað er að jafnaði tvisvar á ári ásamt öðrum samskiptum í tölvupóstum og sér Ingunn Ríkhardsdóttir skólastjóri um það samstarf.

Foreldraráð 2019-2020

- Hafdís Guðmundardóttir (foreldri Holt)
- Sunna Dís Jensdóttir (foreldri Holt)
- **Foreldri á Vík vantar**
- **Foreldri á Lóni vantar**

Foreldrafélag 2019-2020

- Steinar Helgason (foreldri Vík)
- Gyða Bergþórsdóttir (foreldri Vík)
- Karl Haagesen (Kolbrún Erna Vík)
- **Vantar**

Foreldrafélag kemur að ýmsum viðburðum í skólastarfi, s.s. leiksýningu, grillhátíð og Sumarkaffi en ræða þarf áframhaldandi tilurð Sumarkaffis í foreldrafélaginu og hvort gera megi eitthvað annað í staðinn.

Ingunn Sveinsdóttir aðst. skólastjóri fundar og starfar með foreldrafélaginu. Reynt er að nota tölvupósta eins og hægt er og funda síðan þegar þess þarf. Fundir eru tvisvar til þrisvar á skólaárinu.

Leitað er einu **foreldri í foreldrafélagið** og hvetjum við þá sem vilja leggja okkur lið að láta vita af sér í tölvupósti ingunn.rikhardsdottir@gardasel.is